

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 48. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. desember 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Finnur Kristinsson frá Landslagi og Jóna Bjarnadóttir frá Mannviti mæta til fundarins.
3. Fjárhagsáætlun 2009, fyrri umræða.
4. Styrkbeiðni frá skákfélaginu Goðanum.
5. Grenndarkynning vegna óska Sigfúsar Haraldar Bóassonar um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7.
6. Hlutfjár aukning í Sorpsamlagi Pingeyinga.

Til kynningar:

Bréf frá Meistarafélagi byggingamanna á Norðurlandi dags. 20. nóv.
Fundargerð stjórnar Eypings frá 27. nóv.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6, yrði bætt á dagskránnu.
Samþykkt samhljóða.
2. **Finnur Kristinsson frá Landslagi og Jóna Bjarnadóttir frá Mannviti mæta til fundarins.**

Finnur fór yfir tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar Kröflu. Breytingin lítur meðal annars að því að samræma aðalskipulagið, Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum sem samþykkt var í janúar sl. Áætlað er að endanleg tillaga verði tekin fyrir í sveitarstjórn í janúar n.k.

3. Fjárhagsáætlun 2009, fyrri umræða.

Farið yfir fjárhagsáætlunina og urðu nokkrar umræður. Lögð fram fjárfestingaráætlun upp á kr. 21.500.000,- .

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2009.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reiknað er með 10% hækkun rekstrargjalda.
- 3) Reiknað er með 7,5% hækkun launakostnaðar.
- 4) Ekki er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.
- 5) Tekjur sveitarfélagsins hækkuðu umfram það sem ráð var fyrir gert 2008, og ný fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir svipuðum tekjum í krónum talið.
- 6) Endurnýja þarf kaldvatnstank, áætlaður kostnaður 17 millj. Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnun veitnanna (áfangi 3) 8 millj. Endurskoðun á aðalskipulagi 6 millj.
- 7) Gjaldstofnar eru þegar fullnýttir. Gjaldskrár verða óbreyttar nema hækkun verður á gjaldskrá fyrir sorp.
- 8) Ljóst er að fylgjast verður vel með rekstrinum og áætlað að fjárhagsáætlunin verði endurskoðuð í maí.

Vísað til seinni umræðu.

4. Styrkbeiðni frá skákfélaginu Goðanum.

Frestað.

5. Grenndarkynning vegna óska Sigfúsar Haraldar Bóassonar um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7.

Frestað.

6. Hlutfjáráukning í Sorpsamlagi Þingeyinga.

Á fundi stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. 2. desember s.l. var ákveðið að leggja til við hluthafa á hluthafafundi 9. desember. að hlutfé félagsins verði aukið um allt að kr. 80. millj á árinu 2009 á genginu 1,0 til að mæta rekstrarvanda félagsins. Hluttur Skútustaðahrepps er 11,04%. Sveitarstjórn samþykkir fyrirnefnda hlutfjáráukningu.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.